



Bæjarráð Reykjaneshæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjaneshæ

Reykjaneshæ, 13. september 2022
Mál nr. 2022090245

Efni: Niðurstaða útboðs Rafhleðslustöðva í Reykjaneshæ

Starfsfólk Umhverfissviðs hefur undanfarna mánuði unnið að útboði á uppsetningu og rekstri hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjaneshæ en það var eitt af fjárfestingarverkefnum ársins 2022. Consensa fyrir hönd Reykjaneshæjar óskaði eftir tilboðum í uppsetningu og rekstur hleðslustöðva á skilgreindum svæðum í bæjarlandi Reykjaneshæjar sem var skipt upp í þrjá (3) hópa samkvæmt skilmálum útboðsins. Verkefnið var boðið út sem sérleyfissamningur í skilningi 23. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og 5. tl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 950/2017 um sérleyfissamninga um verk eða þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkvæmt skilmálum útboðsins leggur Reykjaneshæ til bílastæði fyrir hleðslustöðvar og sér auk þess um að útvega heimtaugar með fullbúnum mælaskáp og sér um að tengja heimtaugar við sérstaka götuskápa. Þá sér Reykjaneshæ einnig um að koma fyrir rorum frá götuskápum að hleðslustæðum og útvegum og kemur fyrir sérstökum undirstöðum fyrir hleðslustaura og sér um allan yfirborðsfrágang við stæði. Sveitarfélagið er eigandi stæðanna og sér um almennt viðhald á stæðunum eins og öðru bæjarlandi. Sérleyfishafi fær bílastæðin afhent til afnota og öðlast rétt til setja upp hleðslustöðvar og innheimta þóknun fyrir veitta þjónustu í samræmi við samningsskilmála útboðsins. Sérleyfishafi fær eingöngu greiðslur fyrir veitta þjónustu frá notendum og fær engar greiðslur frá sveitarfélaginu.

Útboðið var auglýst innanlands og á evrópska efnahagssvæðinu 4. ágúst og tilboð voru opnuð þann 12. september. Þrjú tilboð voru lögð fram á tilboðstíma í alla hluta útboðsins sbr. meðfylgjandi skýrslu um opnun tilboða. Þessa stundina er unnið að mati tilboða og gera má ráð fyrir því að tilkynning um val tilboðs verði send út í þessari viku og hefst þá 11 daga biðtími. Að loknum biðtíma höfum við heimild til að senda út tilkynningu um töku tilboðs og er þá kominn á bindandi samningur milli aðila.



Eftirfarandi staðir hafa verið hugsaðir til uppsetningar, en líklegt er að einhverjar breytingar verði gerðar þegar samstarfið við þjónustuaðila hefst á haustmánuðum 2022.



Þeir fjármunir sem Umhverfis- og skipulagssvið hefur til orkuskipta í samgöngum á árinu hafa verið nýttir vegna útboðs og verða fullnýttir við undirbúning fyrir uppsetningu hleðslustöðva. Um er að ræða 2-4 hleðslustöðvar (hver með tveimur tengjum) á alls 17 mismunandi stöðum í Reykjaneshöfn. Þannig verða allt að 100 tengi víðsvegar um bæinn þegar öllum uppsetningum er lokið um mitt ár 2023. Gert er ráð fyrir að allt að 50% hleðslustöðva komist í gagn á þessu ári.

Orka náttúrunnar varð hlutskörpust í útboðinu sem heppnaðist vel í alla staði. Ísorka og HS-Orka skiluðu einnig inn tilboðum.

Undirritaður óskar eftir heimild bæjarráðs til að ganga til samninga við hagstæðasta tilboðsgjafa.


Guðlaugur H. Sigurjónsson
sviðsstjóri umhverfissviðs

Guðlaugur H Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs



Fylgiskjöl:

1. „All Documents“ - Þetta eru öll útboðsgögnin
2. Skýrsla um opnun tilboða - Niðurstöður útboðsins
3. Breytingar - Þetta eru breytingar sem gerðar voru á útboðstímabilinu og sendar á alla þá sem sótt höfðu gögnin.

Afrit: Kjartan Már Kjartansson